

6. janúar 1986

9

Nr. 13

REGLUGERÐ

um menntun, réttindi og skyldur sjúkrannuddara.

1. gr.

Rétt til þess að kalla sig sjúkrannuddara og starfa sem slíkur hefur sá einn, sem til þess hefur leyfi heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. skal veita þeim íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa prófi frá skólum, sem viðurkenndir eru sem slíkir af heilbrigðisyfirvöldum. Leita skal umsagnar Sjúkrannuddarafélags Íslands og landlæknis áður en leyfi er veitt.

3. gr.

Nú uppfyllir umsækjandi skilyrði 2. gr. að öðru leyti en því að hann hefur ekki íslenskt ríkisfang, er þá ráðherra heimilt að veita honum takmarkað eða tímabundið leyfi að fenginni umsögn sömu aðila og um getur í 2. gr.

4. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum ríkisborgurum, sem eru í starfi við gildistöku laganna og hafa starfað í 3 ár samfelld, ótakmarkað starfsleyfi að fenginni umsögn sömu aðila og um getur í 2. gr.

5. gr.

Starfsvettvangur sjúkrannuddara er á heilbrigðisstofnunum og eigin stofum. Þeir starfa á eigin ábyrgð en þó eingöngu samkvæmt tilvísun læknis sé um að ræða meðferð í lækninga- eða endurhæfingarskyni.

Starfssvið sjúkrannuddara er almennt nudd, með höndum og tækjum, raf- og hitameðferð með geislum, leiðni og streymi, vatnsmeðferð, liðkun liðamóta og vöðva samfara nuddi.

6. gr.

Óheimilt er að ráða til hvers konar sjúkrannuddarastarfa aðra en þá, sem hafa starfsleyfi samkvæmt reglugerð þessari.

7. gr.

Sjúkrannuddara er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða edli máls. Þagnarskyldan helst þótt hann láti af störfum. Sömu reglur skulu gilda um starfsfólk það, sem sjúkrannuddari kann að hafa í starfi.

8. gr.

Sjúkrannuddara ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

B 2

9. gr.

Sjúkranuddara er skylt að halda dagbók um þá, er leita til hans og aðrar skýrslur í samræmi við fyrirmæli landlæknis.

10. gr.

Um sjúkranuddara gilda að öðru leyti reglur læknalaga nr. 80/1969.

Reglur læknalaga gilda um viðurlög við brotum í starfi og sviptingu starfsleyfis og endurveitingu starfsréttinda.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 24/1985 um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. janúar 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

SAMÞYKKT**um sorphreinsun í Egilsstaðahreppi**

I. KAFLI

Inngangur.

1. gr.

Egilsstaðahreppur annast eða býður út alla sorphreinsun innan marka kaupsins samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphreinsunin fram undir yfirstjórn sveitarfélagsins og eftirliti heilbrigðisnefndar.

II. KAFLI

Hreinsun á sorpi frá íbúðarhúsnæði.

2. gr.

Sérhver íbúðareigandi (eða leigjandi) í Egilsstaðakaupúni er skyldugur að nota þær aðferðir og ílát við sorpgeymslu og hreinsun sem sveitarstjórn ákveður.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun. Húseigendur skulu kosta kaup sorpgeymsluíláta sinna og viðhald þeirra.

3. gr.

Sorpið sem sett er í sorpílátin má vera allt venjulegt heimilissorp. Ekki má setja í sorppoka mold, mól, grjót, byggingarsorp, gras o. þ. h. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum sem hætta er á að skeri eða rífi pokana skal pakkað inn og gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt. Pokar mega ekki vera þyngri en svo að auðvelt sé að meðhöndla þá og ekki sé hætta á að þeir rifni. Gæta skal þess að fylla ekki sorppoka meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.